

garðinn, sem við höfðum, en nú sé hann dáinn og geti ekki lengur hjálpað okkur".

"Hefirðu aldrei séð föður þinn?"

"Ég sá mann, sem kom til okkar við og við, það var mjög góður maður, en ég veit ekki, hvort hann var faðir minn, því hann talaði aldrei um það. Ég hef oft spurt móður mína um þetta, en hún segir, að ég fái ekkert að vita fyrir en ég sé tvítugur að aldri, faðir minn hafi skipað svo fyrir".

Meðan samtalið stóð yfir, hafði rauðhærði maðurinn safnað saman öllum kvistunum, bundið utan um þá og lagt á bak sér, tók svo í hendi drengsins og sagði:

"Komdu, nú skulum við fara. Ég skal bera eldiviðinn fyrir þig, og svo getum við talað saman á leiðinni".

"Þú ert mjög góður að vilja gera þetta fyrir mig", sagði pilturinn með tilfinningu. "Ríki maðurinn barði mig og kallaði mig þjóf, en þú, sem ert fátakur, heldur á byrði minni fyrir mig, — það er einkennilegt".

"Ó, nei", svaraði maðurinn í beiskjuróm, "það er eins og það á að vera. — En segðu mér, piltur minn, af hverju þið lifið, þú og mamma þín, fyrst þið eruð bláfátæk".

"Þegar mamma er heilbrigð, þá vinnur hún af kappi. Hún saumar fatnað fyrir öll höfðingjasetrin í nágrenninu, og auk þess spinnur hún og vefur, og selur voðirnar í kaupstaðnum. Þannig framfleytum við lífinu, en nú", bætti hann við grátandi, "megum við líklega deyja af sulti, því mamma er veik og getur ekki unnið".

"Vertu hughraustur, drengur minn", sagði hinn rauðhærði í meðaumkunarróm, "mamma þín nær heilsunni aftur, og þangað til, vona ég, að einhver